



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 30. mars 2020

USK2020030057

8.4

Borgarráð

Miðborgarleikskóli og fjölskyldumiðstöð við Njálsgötu - "Brúum bilið."

Óskað er eftir að borgarráð veiti umhverfis- og skipulagssviði heimild að efna til opinnar hönnunar- og framkvæmdasamkeppni um miðborgarleikskóla og fjölskyldumiðstöð við Njálsgötu 89 skv. meðfylgjandi drögum að forsögn.

Samkeppnin yrði haldin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Skipuð verður dómnefnd sem semur samkeppnislýsingu, annast yfirferð tillagna og skilar niðurstöðum samkeppninnar til Reykjavíkurborgar.

Þá mun borgarbúum gefast kostur á að hafa áhrif á niðurstöður með kosningu á netinu samkvæmt nánari útfærslu dómnefndar.

Áætlað er að niðurstaða samkeppninnar geti legið fyrir á síðari hluta ársins 2020.

Greinargerð:

Bygging Miðborgarleikskóla er hluti af verkefninu "Brúum bilið."

Nýr Miðborgarleikskóli verður á lóð sem afmarkast af Grettisgötu, Njálsgötu, Rauðarárstíg og Snorrabraut á svo kölluðum Njálsgöturóló.

Leikskólinn verður 6 deilda leikskóli sem verður hluti af starfsemi leikskólans við Barónsborg. Í byggingunni verður einnig fjölskyldumiðstöð fyrir miðborgina.

Byggingin verður 1-3 hæðir og er áætluð heildarstærð um 1.200 m².

Áfram verður leikvöllur á lóðinni sem verður opinn almenningi. Núverandi gæsluvallarhús heldur sér. Gert er ráð fyrir að nýr Miðborgarleikskóli rísi 2021-2022 og rúmi um 116 börn frá 1 árs til 6 ára aldurs.


Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:


- Drög að forsögn

- Deiliskipulag

REITUR 1.240.3 TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI SNORRABRAUTAR, GRETTISGÖTU, RAUÐARÁRSTÍGS OG NJÁLSGÖTU



NÚVERANDI ÁSTAND



TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

INNGANGUR

Í deiliskipulaginu að Njálsgötu 89 er lagt til að byggður verði 6 deilda leikskóli ásamt fjölskyldu þjónustumiðstöð fyrir miðbæinn þar sem unnið verður í nánum tengslum við foreldra og grendarsamfélagið. Í fjölskyldumiðstöðinni geta foreldrar og börn geta þar sótt sér þjónustu og stuðning frá starfshólki leikskólans og heilbrigðisstarfsfólki.

AFMÖRKUN SVÆÐIS

Deiliskipulag þetta nær til staðgreinireits 1.240.3 sem afmarkast af Grettisgötu, Rauðarárstíg, Njálsgötu og Snorrabraut.

LÝSING SVÆÐIS, NÚVERANDI ÁSTAND

Staðgreinireiturnn afmarkast af Snorrabraut, Grettisgötu, Rauðarárstíg og Njálsgötu. Húsin á reitnum voru byggð á árunum 1939-1974.

Húsakönnun og skráning menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja á svæðinu, sem samkvæmt lögum skal fara fram áður en gengið er frá deiliskipulagi, liggur fyrir í húsakönnun Minjasafns Reykjavíkur, skýrslu nr. 105 frá 2004 og byggðakönnun Minjasafns Reykjavíkur fyrir borgarhluta 3 - Hlíðar, skýrslu nr. 163 frá 2013. Í húsakönnuninni kemur fram að húsin á reitnum eru 8 og eru öll steinsteyp. Að upphaflegri gerð eru sex hús þrilyft, eitt tvilyft og eitt einlyft. Húsin hafa haldist að mestu óbreytt frá því að þau voru byggð. Elsta húsið, Njálsgata 89, var byggt árið 1939, en það yngsta, Rauðarárstigur 18, var byggt 1972-1974. Flest húsanna eða fimm hús eru byggð á árunum 1949-1952. Þau standa öll við Grettisgötu. Kvikmynda- og samkomuhúsið að Snorrabraut 37 var byggt árið 1945. Húsið við Rauðarárstíg 18 hefur verið hækkað um eina hæð, byggt við anddyrið og reistur glerskáli við 1. hæðina. Á reitnum er að finna barnaleikvöll sem opnaður var árið 1939. Gæsluvallarhús á staðnum var byggt sama ár. Um er að ræða einn fyrsta leikvöllinn í borginni. Leikvöllurinn hefur í dag að hluta til grænt yfirbragð, er einnig að hluta til malbikaður. Árið 1991 var byggt við gæsluvallarhúsið. Árið 1960 var byggð dælustöð á lóðinni við Njálsgötu 89.

Grettisgata 90-98. Fjölbýlishús reist 1949-1952. Húsaröðin nýtur verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaraðir og götummyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (sjá verndunarflokkka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030, C-hluti-Fylgiskjöli).

Snorrabraut 37. Austurbæjarbíó. Bygging hússins hófst árið 1945 en var ekki lokið fyrir en árið 1950. Húsið nýtur verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaraðir og götummyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (sjá verndunarflokkka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030, C-hluti-Fylgiskjöli).

Á lóðinni Grettisgötu 92 er skráð heimild um herminjar: 7-61 - braggi. Komí fornleifar í ljós á meðan á framkvæmdum stendur skal stöðva framkvæmdir og tilkynna Minjastofnun um fundinn.

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

Tilaga að deiliskipulaginu gerir einungis ráð fyrir breytingum á lóðinni að Njálsgötu 89 sem og skilgreiningu á borgarlandi. Aðrar lóðir og byggingar á reitnum verða óbreyttar.

STARFSEMI - LEIKSKÓLI/FJÖLSKYLDUMIÐSTÖÐ

Á núverandi gæsluvelli við Njálsgötu 89 er gert ráð fyrir byggingu 6 deilda leikskóla sem verður hluti af starfsemi leikskólans við Barónsborg. Í byggingunni verður einnig starfrækt fjölskyldumiðstöð fyrir miðborgina. Gert er ráð fyrir því að byggingin verði frá 1-3 hæða ásamt kjallara. Einnig verða leyfðir garðar/leiksvæði ofan á þökum. Þau svæði verða einungis aðgengileg frá deildum leikskólans. Áfram verður leikvöllur á lóðinni opin almenningi.

BYGGING

Hluti byggingarinnar verður á tveimur hæðum, er það sá hluti sem snýr að Njálsgötu. Leyfilegt er að byggja þrjár hæðir næst Austurbæjarbíó. Heimild er fyrir kjallara. Byggingarreitur er hafður rúmur.

Hámarks hæð byggingar er tilgreind á sneiðningu. Leyfilegt er að lyftustokkur, þakbrún og handrifi gangi upp fyrir hámarks hæðarstæðing.

AÐKOMA

Gert er ráð fyrir gönguleið frá Njálsgötu að Grettisgötu. Aðkoma vöruflutninga að leikskólanum verður frá Grettisgötu.

LEIKVÖLLUR - LÖÐ

Núverandi leikvöllur mun áfram þjóna hlutverk sínu sem leiksvæði í miðbænum. Núverandi gæsluvallarhús verður látið halda sér. Gert er ráð fyrir nýtingu hússins sem hluta af nýjum leikskóla. Einnig verður lögð áhersla á það að nota grænar ofanvatnslausnir og viðhalda grænni ásynd leikvallarins. Leitast verður við að varðveita spor um leikvöllinn í deiliskipulaginu, einkum á því svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir byggingareit.

ÞAKGARÐAR

Þök 1. hæðar og 2. hæðar verði að hluta til nýttir sem þakgarðar/leikvellir.

HJÓLASTÆÐI/BÍLASTÆÐI

Á borgarlandi er gert ráð fyrir 6 bílastæðum þar af einu fyrir fatlaða. Einnig er gert ráð fyrir allt að 6 hjólastæðum. Að lágmarki er gert ráð fyrir 20 hjólastæðum sem tilheyra leikskólanum þar af er helmingur þeirra í læstri/yrirbyggðri geymslu.

Rauðarárstigur 18. Núverandi fjöldi bílastæða á lóð helst óbreyttur.

KVAÐIR Á LÓÐUM

Eftirlitrandi kvaðir á lóðum eru óbeyttar.

Grettisgata 90-98. Kvöð um gangstétt til suðurs lóð.

Rauðarárstigur 18. Kvöð um gangstétt til austurs, ræsi, lagnaleiðir og götulyfsingu er óbreytt.Kvöð um hitaveituleiðslu og borholur HR og aðstöðu til nýtingar þeirra.

Njálsgata 89. Kvöð um holræsi er óbreytt. Kvöð um hitaveituleiðslu og borholur HR og aðstöðu til nýtingar þeirra.

NÚVERANDI ÁSTAND				
Heiti	Stærð lóðar	Núverandi byggingamagn	NHL	
Snorrabraut 37	1010	1677	1,66	Hverfisvernd
Grettisgata 90	335	473,9	1,41	Hverfisvernd
Grettisgata 92	265	489,9	1,84	Hverfisvernd
Grettisgata 94	265	447,1	1,68	Hverfisvernd
Grettisgata 96	264	473,3	1,79	Hverfisvernd
Grettisgata 98	367	451,3	1,22	Hverfisvernd
Rauðarárstigur 18	1825	2550,2	1,39	
Njálsgata 89	2212	66	0,03	


TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI				
Heiti	Stærð lóðar	Byggingamagn	NHL	
Snorrabraut 37	1010	1677	1,66	Óbreytt
Grettisgata 90	335	473,9	1,41	Óbreytt
Grettisgata 92	265	489,9	1,84	Óbreytt
Grettisgata 94	265	447,1	1,68	Óbreytt
Grettisgata 96	264	473,3	1,79	Óbreytt
Grettisgata 98	367	451,3	1,22	Óbreytt
Rauðarárstigur 18	1825	2550,2	1,39	Óbreytt
Njálsgata 89	2212	1650	0,76	Heimild til nýbyggingar



ÚTLIT AÐ GRETTISGÖTU



ÚTLIT AÐ NJÁLSGÖTU



SNEIÐING A-A



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010-2030

Skýringar

Mörk deiliskipulagsbreytingar

Lóðarmörk

Núverandi byggingar

Nýr byggingareitur

Lóðastærð

Hverfisvernd

Hæð húsa, kjallari, ris

Byggingarár

Kvöð um göngustíg

Fjöldi bílastæða

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi

við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var

samþykkt í _____ þann

_____ 20 __ og

í _____ þann _____ 20 __.

Tillagan var auglýst frá _____ 20 __ með

athugasemdafresti til _____ 20 __.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____ 20 __.

STADGREINIR 1.240.3	
Höfundarstigi: Rúnar Gunnarsson 090550-7999	Samþykkt:
Verk NJÁLSGATA 89	Teikn nr. 1
MIÐBORGARLEIKSKÓLI 19012-DNJÁL 89	
Deiliskipulag	1:500, 1:100
Afstöðummynd, útlit	
Teiknað/hannað AMB	Dags. 18.06.19
A1	
Rúnar Gunnarsson arkitekt FAÍ 090550-7999 Dagný Helgadóttir arkitekt FAÍ 220849-3769 Anna María Benediktsdóttir arkitekt 220849-3769	
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14, 105 REYKJAVÍK sími 411-8000	

Njálsgata 89

Miðborgarleikskóli

Forsögn



Umhverfis-og skipulagssvið

Skóla – og frístundavið

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Formáli

Í framtíðarsýn nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnan leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Henni er ætlað að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Menntastefnan leggur áherslu á að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélagi sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Hún hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.


Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum. Í þessu samhengi skiptir miklu að virkja áhuga og ástríðu allra barna og unglinga en það hefur bein áhrif á árangur þeirra. Til þess að það takist þarf að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Unnið verði að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börn lesi sér til gangs og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífstíl.

Menntastefnan byggir á fimm grundvallarpáttum:



Heilbrigði



Læsi



Sjálfsþing



Félagsfærni



Sköpun

1	Inngangur	5
1.1	Undirbúningur	5
1.2	Markmið leikskólastarfs Miðborgar	6
1.3	Fjölskyldumiðstöð/opinn leikskóli	7
2	Leiðarljós	8
2.1	Vistvæn hönnun	9
2.2	Nærsamfélagið og skólahverfið	9
2.3	Almenn starfsemislýsing leikskólans	9
2.4	Lýsing á dæmigerðum degi í leikskóla	10
3	Rými leikskólans	10
3.1	Leik-og námsvæði	10
3.1.1	Námsvæði/sameiginleg svæði	10
3.1.2	Heimastofur	11
3.1.3	Fatahólf	12
3.1.4	Matstofa/salur	13
3.1.5	Þurrkaðstaða	13
3.1.6	Snyrtingar	13
3.2	Fjölskyldumiðstöð/opinn leikskóli	13
3.2.1	Heimastofur/hvíldarrými	14
3.2.2	Aðstaða fyrir þjónustuaðila	14
3.2.3	Fundarherbergi	14
3.2.4	Kaffistofa	14
3.3	Starfsmannarými	14
3.3.1	Fagleg umgjörð - faglegt starf	14
3.3.2	Hvíldar - og kaffistofa starfsmanna	15
3.3.3	Fatahengi starfsfólks	15
3.3.4	Fundarherbergi	15
3.3.5	Undirbúningsrými starfsmanna	15
3.3.6	Gagnasmiðja	15
3.3.7	Skrifstofa stjórnenda	16
3.3.8	Herbergi fyrir sérkennslu og stoðþjónustu	16
3.3.9	Snyrting starfsfólks	16

3.4	Eldhús, matvælageymsla og aðstaða fyrir starfsfólk eldhúss	16
3.5	Önnur rými.....	16
3.5.1	Vörumóttaka.....	16
3.5.2	Ræsting.....	16
3.5.3	Þvottaherbergi m. língeymslu eða skápum f. þvott.....	17
3.5.4	Áhaldageymsla.....	17
3.5.5	Tæknirými	17
3.5.6	Sorp	17
3.5.7	Útígeymslur	17
3.5.8	Núverandi hús á lóð leikskólans.....	17
4	Leikskólalóðin	17
4.1	Lóð.....	17
4.2	Þakgarður	18
5	Forsendur hönnunar	19
5.1	Gæði í byggingunni.....	19
5.2	Hagkvæmni og öryggi í rekstri.....	19
5.3	Utandyra.....	19
5.4	Innandyra	19
5.5	Efnisval og skynhrif	20
5.6	Innréttingar	21
5.7	Litir	21
5.8	Dagsbirta og gluggar	21
5.9	Lýsing, rafmagn og smáspenna.....	22
5.10	Hljóðvist	22
5.11	Orkunýting	22
5.12	Loftgæði.....	22
5.13	Aðgangsstýring.....	23

1 Inngangur

1.1 Undirbúningur

Undirbúningur að byggingu á nýjum Miðborgarleikskóla hófst árið 2018 þegar stýrihópurinn „brúum bilið“ var stofnaður til að brúa bil á milli fæðingarorlofs og leikskólabyrjunar. Eitt af áhersluatriðum hópsins var að fjölga leikskólaplássum meðal annars með því að byggja nýja leikskóla víða í borginni. Gert er ráð fyrir að nýr Miðborgarleikskóli rísi 2022 og rúmi um 116 börn á aldrinum 1 árs til 6 ára og einnig á að starfrækja fjölskyldumiðstöð/opinn leikskóla í sömu byggingu.

Skipaður var forsagnahópur með fulltrúum frá Skóla og frístundasviði, leikskólanum Miðborg og Umhverfis og skipulagssviði. Hópurinn fundaði reglulega frá desember 2018.

Í hópnum voru:

Rúnar Gunnarsson, deildarstjóri, USK, formaður forsagnarhópsins.

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri, SFS.

Ásdís Olga Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi, SFS.

Daníel Benediktsson, verkefnisstjóri, SFS.

Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri Miðborgar.

Bragi Ólafsson, deildarstjóri á Miðborg.

Anna María Benediktsdóttir, arkitekt, USK, verkefnisstjóri hópsins.

Hópurinn fékk til liðs við sig ráðgjafa frá Velferðasviði Reykjavíkurborgar og fleiri.

Unnið var deiliskipulag af reitnum í samráði við Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur.

Í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 er talað um að námsumhverfi skuli skipulagt með markmið leikskólastarfsins í huga og notagildi og að fagurfræðilegir þættir skulu dregnir fram.

- Þá þurfi umhverfi í leikskóla að vera öruggt, heilsusamlegt, aðlaðandi og hvetjandi þar sem verk barna njóta sín.

- Umhverfið þarf að henta fjölbreyttum hópum sem að leikskólastarfinu koma og mikilvægt er að það geti tekið breytingum í takt við tíðarandann og áhugasvið þeirra sem þar starfa.
- Skipulagning umhverfis í leikskóla þarf að taka mið af sveigjanleika svo hægt sé að nýta það á ýmsa vegu og þarf nám og leikur að geta farið fram í jafnt stórum og litlum hópum.
- Rými sem bjóða upp á ró og næði þurfa að vera til staðar.

Við hönnun á nýju leikskólahúsnæði þarf að gera ráð fyrir breyttum áherslum í starfsemi leikskólanna þ.e. að aukin áhersla er á sveigjanleika og vinnurými þar sem fjölbreytileikinn er í fyrirrúmi. Meiri undirbúningsvinna þeirra sem þar starfa og samstarf leikskólans og fjölskyldna er í fyrirrúmi.

1.2 Markmið leikskólastarfs Miðborgar

Með velferð alla barna að leiðarljósi fer leikskólinn Miðborg fjölbreyttar leiðir til að koma til móts við þá fjölbreytni sem er í nútímasamfélagi. Ólíkar leiðir eru farnar í samskiptum við fjölskyldur þeirra barna sem dvelja á Miðborg og virðing er borin fyrir öllum hagsmunaaðilum í leikskólastarfinu. Leitast er við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd allra barna og starfshættir starfsfólks leikskólans miðast við að börnin fái tækifæri til að sýna styrkleika sína og þekkingu. Unnið er að því að efla börn svo þau geti átt auðug og gefandi samskipti við aðra ásamt því að öll börn finni sig mikils metin í leikskólastarfinu.

- Líta skal á börn sem virka þátttakendur í leikskólasamfélaginu .
- Börn eru virk í þekkingaleit sinni í leikskólanum.
- Leikur barna fer fram jafnt úti sem inni.
- Barn byggir upp hæfni þegar það fer um krefjandi umhverfi.
- Samvinna er hugtak sem á við alla sem eru í leikskólanum óháð stöðu þeirra.
- Börn eiga geta farið á svæði sem veitir þeim öryggistilfinningu og ró.
- Í leikskólanum á að vera hægt að leika og starfa í stórum jafnt og litlum hópum.
- Umhverfið í leikskólanum á að bjóða upp á áskorun í hreyfingu.

1.3 Fjölskyldumiðstöð/opinn leikskóli

Meginmarkmið fjölskyldumiðstöðvarinnar er að skapa góða aðstöðu fyrir foreldra ungra barna til þess að læra af öðrum foreldrum og fagfólki um ýmislegt sem tengist þroska barna þeirra eins og umönnun, tilfinningatengsl, jákvætt uppeldi, hreyfingu og málþroska um leið og boðið er upp á sértæk úrræði og snemmtæka íhlutun fyrir fjölskyldur í viðkvæmri stöðu. Gert er ráð fyrir því að foreldrar séu með börnum sínum og beri ábyrgð á þeim þann tíma sem þau eru í heimsókn.

Fjölskyldumiðstöðin verður starfrækt alla virka daga frá 8-16 einnig verður hún starfrækt utan hefðbundins opnunartíma leikskólans þ.e. á kvöldin og um helgar fyrir þá hópa sem vilja og geta nýtt sér húsnæðið fyrir t.d. námskeið og fundi. Ef breyting verður á starfsemi fjölskyldumiðstöðvar á að vera hægt að breyta rými hennar svo hefðbundin leikskólastarfsemi geti farið þar fram.

Markmið fjölskyldumiðstöðvar er:

- Að skapa góða aðstöðu fyrir foreldra ungra barna til þess að læra af öðrum foreldrum og fagfólki um ýmislegt sem tengist þroska barna þeirra eins og umönnun, tilfinningatengsl, jákvætt uppeldi, hreyfingu og málþroska um leið og boðið er upp á sértæk úrræði og snemmtæka íhlutun fyrir fjölskyldur í viðkvæmri stöðu.
- Gert er ráð fyrir því að foreldrar séu með börnum sínum og beri ábyrgð á þeim þann tíma sem þau eru í heimsókn.
- Fjölskyldumiðstöðin getur orðið hluti af leikskólanum, ef breyting verður á starfsemi Miðborgar.
- Það verður að vera hægt að afmarka fjölskyldumiðstöðina frá leikskólarýminu með aðgangsstýringu.
- Aðstaða fyrir ýmsa sérfræðinga sem tengjast fjölskyldumiðstöðinni s.s. hjúkrunarfræðinga eða fulltrúa frá þjónustumiðstöð hverfisins.

2 Leiðarljós

Ríkar væntingar eru til þess að hönnun skólans marki nýja sýn og hugsun í hönnun leikskóla hvað varðar vellíðan, virkni og heilbrigði þeirra sem þar eru við leik og störf. Væntingar eru til þess að húsnæðið sé fjölnota húsnæði sem nýtist „allan daginn“, allan ársins hring börnum, fjölskyldum, starfsmönnum og grenndarsamfélagi. Þess er vænst að í leikskólanum verði lögð áhersla á að koma til móts við þarfir hvers og eins og frelsi og val barnanna sé haft að leiðarljósi. Til þess að það gangi eftir þarf að hanna skólann og umhverfi hans að þörfum barna. Hönnun þarf að byggja á sveigjanleika og uppfylla sem best væntingar til leiks, náms, velferðar og aukins þroska barna.

Leggja þarf áherslu á vellíðan og hvetjandi og góða aðstöðu barna og starfsmanna. Tryggja þarf að hægt sé að sinna öllum námssviðum leikskólans og áherslum menntastefnu Reykjavíkur. Nýting húsnæðis sé góð og það þjóni tilgangi sínum bæði sem leikskóli og fjölskyldumiðstöð. Þá verður lóðin að vera örugg og um leið hvetjandi umhverfi fyrir leik og starf.

Til þess að þetta náist þarf umhverfið að vera fjölbreytt (inni og á lóð) svo það nýtist skólanum, til jafns í „inni- og útinámi“. Rýmið og umhverfið þarf að skipuleggja þannig að það gefi kost á frelsi og vali barna til athafna en um leið þarf að tryggja öryggi þeirra. Stærri, minni og sveigjanleg rými í byggingunni sem taka mið af ólíkum og breytilegum þörfum þeirra barna sem nota rýmin. Mikilvægt er að öll rými sem börn og starfsfólk nýta í starfi sínu fullnægi kröfum um góða hljóðvist. Birtu og loftgæðum þarf að vera hægt að stjórna til að aðlaga það að innra starfi leikskólans. Þá þarf húsnæðið vera hlýlegt og skapa góðan anda. Staðsetning glugga þarf að vera þannig að útsýni og dagsbirta sé fönguð og hæfi börnum á leikskólaaldri. Útisvæðið þarf að vera margbreytilegt og hönnun þess skal taka tillit til fjölbreytts starfs í leikskóla. Úti- og innisvæði skólans skulu hugsuð sem samþætt leik og námssvæði barnanna. Þar þarf að samþætta manngerð og „náttúruleg“ svæði sem eru svæðaskipt til þess að koma til móts við þarfir barna í fjölbreyttum leik og starfi.

Við hönnun leikskólans skal m.a stuðst við ásamt fleirum:

- *Aðalnámskrá leikskóla 2011.*
- *Reglugerð nr. 655/2009, um starfsumhverfi leikskóla.*
- *Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.*
- *Reglugerð nr. 921/2006, um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum.*
- *Byggingareglugerð.*
- *Menntastefnu Reykjavíkur til 2030.*

2.1 Vistvæn hönnun

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fyrir liggur samþykkt frá borgarráði um að umhverfissvottunarkerfið Breeam skuli notað til að votta byggingar Reykjavíkurborgar. Miðað er við að ná Breeam excellent. Mikilvægt er að unnið sé á markvissan hátt með vistvæni í hönnunarferlinu s.s. í stjórnun og skipulagi, með gerð lífsferilsgreininga, í efnisvali og að hugað sé að heilsu og vellíðan.

2.2 Nærsamfélagið og skólahverfið

Nýr Miðborgarleikskóli verður á lóð sem afmarkast af Grettisgötu, Njálsgötu, Rauðarárstíg og Snorrabraut á svo kölluðum Njálsgöturóló. Byggingareiturinn verður samkvæmt samþykktu deiliskipulagi.

2.3 Almenn starfsemislýsing leikskólans

Gert er ráð fyrir að í leikskólanum verði um 116 börn á 6 deildum. Börnin sem dvelja í leikskólanum eru frá 12 mánaða til 6 ára og geta verið í allt að 9,5 tíma á dag í vistun.

- 1 - 2 ára = 16 börn = 2 deildir
- 2 - 4 ára = 18 börn = 2 deildir
- 4 - 6 ára = 24 börn = 2 deildir

Samtals 116 börn. Gert er ráð fyrir allt að 30 stöðugildum í leikskólanum þó gæti starfsmannafjöldi verið meiri samtímis í húsinu þegar kemur til afleysinga og sérstuðnings.

2.4 Lýsing á dæmigerðum degi í leikskóla

Kl. 07.30 – 09:00

Róleg morgunstund. Börnin koma eitt af öðru með foreldrum sínum. Morgunmatur er milli kl. 08:15 til 09:00

Kl. 09:00 – 11:30

Starfsemi í leikskólanum, frjáls leikur bæði úti og inni, vettvangsferðir, hópastarf o.fl.

Kl. 11:30 - 13:00/15:00

Hádegisverður er frá kl. 11:30 og að honum loknum fara börnin í hvíld eða slökun til kl. 13:00. Yngstu börnin eru lengur í hvíld, sum sofa til klukkan 15:00

Kl. 13:00 – 15:30

Að lokinni hvíld kl. 13:00 til kl. 15:30 fer fram svipuð starfsemi og fyrir hádegi, leikur bæði úti og inni, vettvangsferðir o.fl.

Kl. 14:30 – 17:00

Síðdegishressing er kl. 14:0 og að henni lokinni er samverustund og síðan frjáls leikur inni eða úti eftir aðstæðum þar til leikskólinn lokar kl. 17:00.

3 Rými leikskólans

3.1 Leik-og námsvæði

3.1.1 Námsvæði/sameiginleg svæði

Litið er á öll svæði leikskólans sem námsvæði barnanna. Sameiginlegu svæðin eru vinnusvæði barna og starfsfólks og aðal vettvangur tengingar foreldra við leikskólann. Svæðin þurfa því að vera bjóðandi og aðlaðandi fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Heimastofur liggja að sameiginlegum svæðum.

Gera má ráð fyrir fleiri en einum inngangi í leikskólann. Fyrir utan anddyri byggingarinnar skal gera ráð fyrir breiðum ristum til að skola af skóm og útifötum. Einnig má gera ráð fyrir lokuðu rými þar sem að hægt er að fara úr skóm áður en gengið er inn á námsvæðið og að fatahólfunum. Börnin koma inn á sameiginleg svæði frá anddyrinu en á sameiginlega svæðinu eru staðsett fatahólf barna, sameiginleg leikrými þeirra og aðgangur að heimastofum.

Sameiginlegu svæðin ætti að tengja, ekki aðeins við heimastofur og fatahólf barna heldur einnig, við útisvæði. Efnisgeymslu ætti að finna á hverju sameiginlegu svæði.

Mikilvægt er að sameiginlegu svæðin séu ekki gangasvæði heldur vinnusvæði þar sem leikur, nám og flæði fer fram í daglegu leikskólastarfi allan daginn. Þar sem mismunandi stöðvar verða á svæðinu er mikilvægt að hljóðvist sé góð. Dæmi um stöðvar eru, kubbaleikir, hlutverkaleikir, hreyfileikir, skynjunarleikir, sköpun, lestur og matreiðsla.

Ekki verður litið á hefðbundnar deildir heldur er leikskólinn í heild sinni eitt námssvæði þar sem börn kanna sitt umhverfi, fylgja áhugasviði sínu og eru örugg í að gera tilraunir á leið sinni til aukinnar hæfni. Þau þurfa að vera fjölnota og rúma þarfir þeirra heimastofa sem tengjast sameiginlega svæðinu svo sem viðburði á vegum leikskólans til að mynda foreldrakaffi, leiksýningar eða annað sem hæfir leikskólastarfinu.

Innan sameiginlegu svæðanna eru 6 heimastofur, gott er að hafa í huga að heimastofur geti verið samliggjandi með svipaðan aldur. Aldur barnanna í leikskólanum verður frá 12 mánaða til 6 ára og því þurfa sameiginlegu svæðin að bjóða upp á sveigjanleika til að koma til móts við ólíkar þarfir á mismunandi þroskaskeiði. Huga þarf að sjónlínu á sameiginlegu svæðunum svo starfsfólk hafi góða yfirsýn. Bæði húsnæði og húsbúnaður þurfa að taka mið af starfi og leik út frá barnahópnum sem tekinn er inn hverju sinni.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir hreyfisal geta t.d. stigar á milli hæða boðið uppá fjölbreyttar leiðir til hreyfingar. Stiginn er ekki bara tenging milli hæða heldur hluti af námssvæði þar sem hægt er að staldra við þar sem rýmið býður upp á ólíka möguleika, til dæmis að setjast niður í tröppu með bók.

3.1.2 Heimastofur

Hver barnahópur á sína heimastofu sem er hjartað í starfinu. Þar er gott að vinna í ró, setjast niður með bók eða púsl og kúra sig í góðum sófa eða í gluggakistu og hvíla sig á löngum degi. Heimastofur þurfa að vera fallegar, veita umvefjandi umgjörð og hljóðvistin þarf að vera mjög góð. Í heimastofunum fer meðal annars fram frjáls leikur, samverustundir, hvíld o.m.fl.

Heimastofur þurfa að þjóna börnum frá 1 árs upp í 6 ára. Yngstu börnin þurfa að geta sofið og þau allra yngstu sofa jafnvel tvisvar á dag. En að öllu jöfnu hvíla þau yngstu sig allt að þrjá tíma yfir daginn á meðan eldri börnin þurfa rými fyrir byggingar sínar og leiki. Hvíldaraðstaðan þarf að vera vel loftræst. Ekki er gert ráð fyrir að börnin borði inn á heimastofum, heldur í matstofu.

Mismunandi árgangastærðir innritast á hverju ári í leikskólann og því þarf að aðlagja heimastofur að mismunandi aldri ef svo ber undir. Heimastofur ættu því að þjóna kjarna starfsins en sameiginleg rými til að vinna með litla og stóra hópa í hinum ýmsu verkefnum og ýta undir flæðishugsun.

3.1.3 Fatahólf

Hefðbundin fataherbergi í leikskóla eru oft sá staður sem foreldrar skilja við börnin sín þegar þau koma með þau í leikskólann á morgnana. Að fara lengra en fataherbergi nemur og inn á deild reynist mörgum foreldrum erfitt og tenging foreldra við starfsfólk lítil eftir því. Með því að hafa fatahólf barnanna inná sameiginlega svæðinu eru ósýnilegar hindranir brotnar niður og foreldrar eru komnir inn fyrir þröskuldinn og inn í hjarta leikskólans. Auk þess er verið að auka yfirsýn starfsmanna sem eru í sameiginlega svæðinu þegar börn eru að koma í leikskólann með foreldrum sínum eða eru að fara í útiveru og inn aftur.

Fatahólfir eru persónuleg og tenging barna við heimili þeirra, þar eru fötin geymd ásamt ýmsum persónulegum munum barnanna. Mikilvægt er því að fatahólf barna séu í góðri tengingu við heimastofur barnanna. Mælt er með að hafa fatahólf barna þannig úr garði gerð að þau rúmi ekki aðeins föt þeirra heldur geti einnig rúmað eitthvað af persónulegum hlutum sem þau koma með sér og er tenging við heimilið. Í hólfulum mætti gera ráð fyrir hjólahjálum barnanna. Umgjörð í kringum fatahólf ætti að vera aðlaðandi og bjóða upp á leikrými. Þá væri hugsandi að fatahólfir væru utaná minni afmörkuðum rýmum svo sem húsum, eða öðrum litlum rýmum sem bjóða upp á leik í minni hópum inni á afmörkuðu svæði. Ef fatahólfir væru eins og hús með inngangi, væru hólfir utaná húsinu og inni húsinu væri notalegt rými fyrir börn í minni hópum.

Gert er ráð fyrir fatahólfulum fyrir yfirhafnir barnanna og skógrindum, lausum bekkjum til að sitja á við að klæða sig úr og í. Einnig er aukahilla efst í hólfunum fyrir töskur o.fl. sem börnin hafa með sér. Sérstök aðstaða er til að hengja upp óhreina útigalla barnanna og geymsla er fyrir útiföt starfsfólks. Á hverju svæði er aðstaða til að þurrka blaut útiföt barna og starfsmanna. Í tengslum við fatahólf og útileiksvæði er gert ráð fyrir snyrtingu fyrir börn sem eru úti að leik, einnig skolvaski til að skola af óhreinum göllum og stígvélum.

3.1.4 Matstofa/salur

Mikilvægt er að matstofa sé ekki hluti af leiksvæði barna. Börnin borða máltíðir 3 sinnum á dag, morgunmat, hádegisverð og síðdegishressingu. Gert verður ráð fyrir að máltíðir verði hluti af flæði í starfsemi leikskólans. Börnin munu skiptast á að koma í matstofuna að borða og gert er ráð fyrir að þar borði ekki fleiri en 30 börn í einu. Matstofan skal vera aðlaðandi og björt og þannig úr garði gerð að upplifun barnanna sé eins og að borða á kaffihúsi þar sem þau geta ráðið hvar þau sitja. Ekki er gert ráð fyrir að starfsfólk borði með börnunum heldur séu þeim til aðstoðar.

Innan matstofunnar eru skápar sem hægt er að loka fyrir. Í skápunum er leirtau og það sem þarf til í matstofunni. Nauðsynlegt er að hafa þarna handlaug, skolvask og aðgang að drykkjarvatni.

3.1.5 Þurrkaðstaða

Gera skal ráð fyrir þurrkaðstöðu fyrir útiföt barna og starfsmanna. Hægt verður að setja fötin inn í þurrkaðstöðuna á fatagrindum og þar er einnig aðstaða til að þurrka blautan skófatnað.

3.1.6 Snyrtingar

Snyrtingar eiga helst að liggja hver að annarri og hafa helst opnanlegan glugga og með beinan aðgang að tveimur heimastofum. Snyrting þarf að vera rúmgóð með góðri vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk. Á snyrtingu eru tvö salerni og vaskar, aðstaða fyrir skiptiaðstöðu og aðstaða til að sinna fötluðum börnum ef þörf er á. Við salerni eru lágar hurðir þannig að börn geti lokað að sér en fullorðnir haft yfirsýn. Þá þarf að vera snyrting sem er í tengslum við útileiksvæði.

3.2 Fjölskyldumiðstöð/opinn leikskóli

Lagt er til að greitt aðgengi sé að fjölskyldumiðstöðinni utan frá þar sem opnunartími miðstöðvarinnar er einnig utan hefðbundins opnunartíma leikskólans. Mikilvægt er að aðgangur að fjölskyldumiðstöðinni verði sem aðgengilegastur fyrir notendur og í góðum tengslum við aðra starfsemi leikskólans. Nauðsynlegt er að aðgangsstýring sé að fjölskyldumiðstöðinni. Eftirfarandi rými eiga að vera hluti af fjölskyldumiðstöðinni.

3.2.1 Heimastofur/hvildarrými

Leikrými fyrir börn og foreldra, opinn leikskóli, þar sem foreldrar koma og dvelja með barninu á opnunartíma. Heimastofan þarf að vera hönnuð þannig að hægt sé að bjóða upp á fjölbreytt leikefni fyrir börn á ólíkum aldri. Í heimastofunni þarf að vera aðgengi að vatni og búin til góð aðstaða til að geta t.d. vatnslitað, málað, föndrað og slíkt.

3.2.2 Aðstaða fyrir þjónustuaðila

Með rekstri á fjölskyldumiðstöð er gert ráð fyrir að ýmsir sérfræðingar komi að starfinu s.s starfsfólk frá heilsugæslu, sálfræðingar, félagsráðgjafar o.fl. Aðstaða þarf að vera fyrir þessa aðila til að eiga samtöl við foreldra og jafnvel fyrir ungubarnaskoðun.

Þarna á að vera hægt að loka sig alveg af vegna ýmissa verkefna sem varða sérþjónustu við börn. Þá hentar þetta rými þegar upp koma slys á börnum og starfsfólki. Þá nýtist þetta rými til þjálfunar og stuðnings. Innan fjölskyldumiðstöðvar á að vera snyrting fyrir börn og fullorðna með skiptiaðstöðu.

3.2.3 Fundarherbergi

Fundarherbergið rúmar 12 manns og er aðstaða fyrir þjónustumiðstöð, s.s. félagsráðgjafa, sálfræðinga og starfsfólk frá barnavernd og annað fagfólk s.s. hjúkrunarfræðingar og ljósmæður. Getur samnýst með leikskólanum.

3.2.4 Kaffistofa

Kaffistofa sem rúmar um 6 manns með ísskáp og vask og aðstöðu til að hita upp mat. Hugmyndin er að foreldrar geti sest þarna inn með börnum sínum og fengið sér kaffisopa og átt spjall. Getur einnig samnýst með leikskólanum.

3.3 Starfsmannarými

3.3.1 Fagleg umgjörð - faglegt starf

Starfsmannaaðstaðan á að stuðla að farsælli blöndun og samstarfi þeirra starfsmanna sem starfa í byggingunni, bæði í leikskólahluta og fjölskyldumiðstöð. Það fer vel á því að öll aðstaða starfsmanna leikskóla sé sem mest samliggjandi. Vinnurými starfsmanna þurfa að vera í samræmi við þann fjölda starfsmanna sem starfar í byggingunni. Skapa þarf góðar vinnuaðstæður fyrir faglegt samráð, undirbúning og til að geta unnið í næði. Kennarar eru í lykilhlutverki í leikskólastarfinu og þurfa að sinna mörgum hlutverkum þegar kemur að því að samtvinna velferð barna og árangur og

gæði skólastarfsins. Þeir sinna ekki aðeins umönnunar-, uppeldis- og kennslustarfi heldur veita þeir ráðgjöf, og vinna við rannsóknir og þróunarstörf innan leikskólans og sinna samstarfsverkefnum ýmiskonar. Áhersla á skólaþróun og fagmennsu kennara eykst og rými þarf að vera fyrir starfsfólk til að sinna þeim fjölbreyttu verkefnum sem þeirra bíða utan við vinnu með börnum.

3.3.2 Hvíldar - og kaffistofa starfsmanna

Aðstaða starfsfólks til hressingar og hvíldar. Þar þarf að vera innrétting (vaskur, kæling og upphitun matvæla) með geymsluaðstöðu fyrir leirtau og drykki og matvæli sem starfsmenn taka með sér að heiman. Starfsfólk þarf að geta matast við borð og sest niður í ró og næði. Gert er ráð fyrir allt að 30 stöðugildum í leikskólanum auk starfsfólks í afleysingu og sérkennslu. Hvíldar- og kaffiaðstaða starfsmanna hefur sæti fyrir a.m.k. 20 manns.

3.3.3 Fatahengi starfsfólks

Í tengslum við starfsmannaðstöðu eru læst munahólf fyrir persónulega muni starfsmanna ásamt fatahengi og skóhirslu. Aðstaða fyrir starfsfólk með bekkjum, fataskápum, fatahengi, skóhillum og munaskápum.

3.3.4 Fundarherbergi

2 fundarherbergi, hvort fyrir 4-6 manns.

3.3.5 Undirbúningsrými starfsmanna

Undirbúningsherbergi á að henta fyrir undirbúning, úrvinnslu, tölvuvinnu, skýrslugerð og fleira. Undirbúningsherbergi starfsfólks þarf að rúma allt að 10 -15 manns á sama tíma. Læstir skjalaskápar þurfa vera í herberginu ásamt prenturum og skápum fyrir ýmis gögn. Undirbúningsaðstaðan þarf að vera í tengslum við fundar- og/eða viðtalsherbergi og gjarnan hressing/hvíld.

3.3.6 Gagnasmiðja

Í þessari aðstöðu er hægt að fjölfalda, prenta og vinna ýmis gögn sem varða starfið. Mikilvægt er að gagnasmiðja tengist undirbúningsherbergi starfsmanna. Í gagnasmiðju þarf að vera gott geymslupláss fyrir efnivið og áhöld.

3.3.7 Skrifstofa stjórnenda

Við inngang leikskólans er aðstaða fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Mikilvægt er að hún sé sýnileg þegar að foreldrar koma með börnin í skólann.

3.3.8 Herbergi fyrir sérkennslu og stoðþjónustu

Herbergi fyrir einstaklingskennslu og fyrir nokkur börn í einu. Aðstaðan getur einnig nýst fyrir aðkeypta þjónustu og foreldrasamtöl. Gert er ráð fyrir að 7% barna þurfi á sérstuðningi eða sérkennslu að halda vegna líkamlegrar eða andlegrar fötlunar. Þetta rými þarf að tengjast bæði starfsmannaðstöðu og sameiginlegu svæði barna.

3.3.9 Snyrting starfsfólks

Gera þarf ráð fyrir þremur snyrtingum fyrir starfsfólk þar af einni fyrir fatlaða. Einnig þarf að gera ráð fyrir sturtu- og búningsaðstöðu fyrir starfsfólk.

3.4 Eldhús, matvælageymsla og aðstaða fyrir starfsfólk eldhúss

Í eldhúsi eru framleiddar máltíðir fyrir börn og starfsmenn, morgunverður, hádegisverður, síðdegishressing (um 120-150 manns). Húsnæðið skal miða við framleiðslueldhús þar sem ekki fer fram hrávinnsla. Hafa þarf í huga góða nýtingu á rýminu og heppilega vinnuaðstöðu starfsfólks. Í eldhúsinu og tilheyrandi rýmum er gert ráð fyrir innréttingum miðað við framleiðslueldhús. Æskilegt er að þær séu sem mest opnar, þægilegar í notkun fyrir starfsfólk og að auðvelt sé að þrifa þær. Innréttingar þurfa að vera sterkar og þola mikla notkun. Ryðfrítt stál er þar góður kostur. Æskilegt er að sem flestar innréttingar séu á hjólum þar sem að því verður komið við. Einnig þarf að gera ráð fyrir lager, fyrir kælivöru og þurrvöru. Aðstaða starfsfólks eldhús, snyrtingu, skiptiaðstöðu og munahólf starfsmanna. Sérherbergi eða skáp fyrir ræstingu fyrir eldhús.

3.5 Önnur rými

3.5.1 Vörumóttaka

Gera þarf ráð fyrir góðri aðkomu fyrir móttöku á vörum, sérstaklega fyrir eldhús.

3.5.2 Ræsting

Ræstirými fyrir ræstivörur, ræstivagna og annað sem að tilheyrir ræstingu. Getur verið fleiri en eitt rými. Gera þarf ráð fyrir ræstivaski.

3.5.3 Þvottaherbergi m. língeymslu eða skápum f. þvott

Gera ráð fyrir einni þvottavél og þurrkara ásamt bekkjum og hillum. Allur þvottur sem kemur af starfsemi eldhús og leikskóladeildum.

3.5.4 Áhaldageymsla

Áhaldageymsla fyrir hjól og fleira sem notað er í útiveru barna og því utangengt.

3.5.5 Tæknirými

Tæknirými fyrir tölvur, síma, loftræsingu, fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, rafmagn, sprinkler, brunavarnakerfi.

3.5.6 Sorp

Sorpgeymsla með aðstöðu til flokkunnar. Staðsetja sem næst inngangi eldhúsi og vörumóttöku. Nauðsynlegt að það sé með auðveldu aðgengi fyrir starfsmenn sorplosunarfyrirtækja.

3.5.7 Útigeymslur

Geymslur fyrir leikföng og annað sem notað er fyrir útiveru barnanna. Hugsa þarf útigeymslu sem hluta af leiksvæði barna og nýta hann í leik.

3.5.8 Núverandi hús á lóð leikskólans

Á lóð leikskólans er í dag hús sem nýtist fyrir dagvistun barna. Húsið verður hluti af námssvæði barnanna. Þar verður til að mynda hægt að hafa listasmiðju eða aðra starfsemi sem tengist leik barnanna.

4 Leikskólalóðin

4.1 Lóð

Leikskólalóðin er félagslegur og námslegur vettvangur og mun gegna hlutverki leikvallar utan opnunartíma leikskólans. Börnum á að finnast skemmtilegt að vera úti á lóðinni og skal hún skipulögð þannig að hún veki áhuga þeirra og örvi ímyndurnaraflíð. Líkamlegar jafnt og félagslegar áskoranir skulu vera til staðar þar sem börn geta unnið út frá mismunandi getu á öruggu og afgirtu svæði. Gæði leiksins eru háð umhverfinu og efniviði sem þar er í boði. Leikskólalóðin á að bjóða upp á áskoranir þar sem börnin geta reynt sig í aðstæðum sem hvetur þau til fara lengra og hærra.

Þá eru helstu áhersluatriðin þau að svæðið efli og stuðli að félagstengslum, hreyfiproska og frjálsum leik auk þess að hámarka upplifun, örva skynfæri og skynjun notandans.

Ákjósanlegt er að börn hafi aðgang að litlum klifurvegg, þrautabraut, kastala eða öðru sem örvar hreyfiproska þeirra. Leikskólalóðin á að auka hreyfifærni og lausnaleyti ásamt samstarfi á milli barna. Tilraunastarfsemi ýmiskonar sem ýtir undir tilraunir og lausnaleyti með vatn, sand og annan lífrænan efnivið er ákjósanlegur. Sköpun af ýmsum toga sem flæðir jafnt inni sem úti á að vera börnunum eðlislægur þáttur í starfi leikskólans. Hafa skal jafnvægi milli náttúru og manngerðra efna á leikskólalóðinni.

Geymsluskúr þarf að vera á leikskólalóðinni sem geymir útileikföng og áhöld sem þarf til viðhalds á lóðinni. Hafa skal í huga að nýta öll svæði leikskólans vel og útbúa til dæmis geymsluskúra þannig að þeir nýtist sem hluti af leikskvæðinu.

Núverandi veggur í kringum leikskólann er hluti af ákveðnu byggðarmynstri í hverfinu. Áhugaverðar lausnir sem að sýna afmörkun leikslóðarinnar er einnig hluti af verkefninu. Leikskólalóðin mun vera opin hverfisbúum og almenningi utan hefðbundins opnunartíma. Útfærsla leikvallarins og leiktækja má gjarnan taka mið af því. Óskað er eftir því að spor um fyrsta gæsluvöllin/ sandkassann verði að hluta til sýnileg á lóðinni. Lýsing lóðarinnar er veigamikill þáttur til að auka öryggis tilfinningu þeirra sem að nýta sér lóðina eftir að dimmt er. Gert er ráð fyrir því að þakgarðar verði hluti af leikskvæði barnanna. Bifreiðastæði er fyrir hreyfihamlaða og stæði fyrir vörumóttöku fyrir eldhús. Gera skal ráð fyrir hjólastæðum á lóðinni. Hluti þeirra skal vera yfirbyggður.

4.2 Þakgarður

Þakgarður gagnast vel til útiveru barna ef þeir eru þannig hannaðar að þeir haldi vel utan um börnin og vel sé hugað að afvötnun þeirra. Útisvalir þurfa trausta öryggisgirðingu í yfirhæð miðað við staðlað handrið. Þakgarður er hluti af leiksvæði barna og má hugsa skemmtilegar leiðir af honum niður í garð t.d. með rennibraut, stiga og/eða klifursvæði.

5 Forsendur hönnunar

5.1 Gæði í byggingunni

Byggingin á að vera af þeim gæðum að hún standist ýrustu kröfur laga og reglugerða. Hönnun byggingarinnar og innréttingar eiga að styðja við þá hugmyndafræði sem einkennir leikskólann. Byggingin á að vera sniðin að þeirri hugmyndafræði sem kennslufræði og starfsaðferðir skólans og fjölskyldumiðstöðvar byggja á.

5.2 Hagkvæmni og öryggi í rekstri

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að byggingin verði hönnuð með það að markmiði að ræsti-, rekstrar- og viðhaldskostnaður mannvirkis til framtíðar verði lágmarkaður. Þannig verði til dæmis ekki valið ómeðhöndlað timbur í klæðningar, „náttúrulegar“ flísar á vegg og/eða gólf og yfirborðsefni á borðum og hurðum sem kámost áberandi. Ysta þakklæðing skal þola eða vera varin vegna almennrar viðhaldsvinnu á þaki eða búnaði þar. Gólfdukar eiga að vera af viðurkenndri gerð og skulu ekki þurfa mikið viðhald. Við val á gólfefni skal hafa í huga hljóðeinangrandi og hljóðvistarlegt hlutverk gólfefnis. Hönnuðir skulu hafa eftirfarandi punkta í huga við hönnun byggingarinnar út frá sjónarmiðum um hagkvæman rekstur skólans og aukið öryggi í umgengni:

5.3 Utandyra

- Veggir skulu vera með hörðu yfirborði sem hvorki er hægt að beygla né brjóta. Eins þarf að vera auðvelt að þrifa veggjakort af yfirborði og 3. metra hæð veggja vera varðir sérstaklega með fráhrindandi efnum sem auðveldar hreinsun veggjakrots af veggjum.

5.4 Innandyra

- Í anddyri skal við útidyr hafa vandaðar mottur sem taka það mesta undan skónum.
- Við innganga utandyra skal koma fyrir svæði með ristum þar sem auðvelt er að skola af fötum og skófatnaði..
- Ef flísar eru í anddyrum skulu þær ekki vera hálar í bleytu.
- Ekki nota linoleum dúka eða parkett þar sem aftöppunarstaður vatns er og mikið bleytuálag þ.e. sturtur, þvottahús, salerni, eldhús og anddyri.

- Hæðabreytingar í gólfi geta valdið slysaættu. Ef þær eru valdar í hönnun, er nauðsynlegt að huga að ferlimálum um þau rými, og hægt er að leysa með lýsingu í gólfi eða skýrum litabreytingum. Þó er ekki mælst gegn hæðarbreytingum. Ólíka hæðarsetning gólfa er hægt að nýta sem mikilvægt verkfæri í þróun og þroska hreyfifærni barnsins. Þrep og stigar geta verið setpallar fyrir viðburði en geta einnig verið æfingatæki.
- Úthorn innveggja og tröppunef skulu styrkt sérstaklega. Til eru margar útfærslur á styrkingum m.a. úr stáli, tré og plasti.
- Innréttingar og allir yfirborðsfletir í rýmum barna verða að hæfa notkun og vera auðveld í þrifum.
- Ef notaðir eru felliveggir þá skulu gerðar strangar kröfur um hljóðdempun og endingu og með ábyrgð. Tryggja skal lengstu mögulega ábyrgð á slíkum veggjum. Huga skal að hönnun felliveggja sem auðvelda hagnýtingu slíkra veggja eða hurða í daglegu starfi.
- Gera á ráð fyrir gólfhita í rýmum þar sem börnin leika.
- Aðgengi að tengikistum snjóbræðslu og gólfhita séu gott fyrir þjónustuaðila.
- Aðgengi að stjórnbúnaði úðakerfis, vatns, loft og hitakerfa sé almennt gott.
- Neyðarútganga þarf að velja þannig að hætta skapist ekki fyrir utan, t.d. neyðarútgangur sem börn ná að opna má ekki opnast þar sem hætta gæti skapast fyrir utan s.s. við bílastæði eða fall á hættulegt undirlag.
- Mikilvægt er að hægt sé að hengja áhöld í loft og einnig í þjónusturýmum fatlaðra.
- Hönnuðir skulu hafa í huga að ekki fari of mikið rými í ganga og stiga.

5.5 Efnisval og skynhrif

Í efnisvali bæði innandyrna og utandyrna ætti að nota góð náttúruleg efni þar sem því er við komið og er viðeigandi. Það á að vera mögulegt að snerta bygginguna og upplifa ólíkar áferðir hennar sem og að geta haft hrátt, slétt, mjúkt, kalt og heitt yfirbragð. Þá er æskilegt að bygginging örvi skynhrif t.d. með mismunandi litum og formum. Litir innandyrna eiga að stórum hluta að vera ljósir og mynda þannig hlutlausan bakgrunn sem tekur ekki yfir eigin verk barnanna. Þar að auki er hægt að mynda ákveðna upplifun í rýmum við hjálp lita, mynda rými í rýminu, hægt er að útbúa gæðakrók, dyrnar

inn í hóprýmið geta haft ákveðinn lit, sérstakt skynjunarrými eða samhangandi upplifunarrými í gegnum skólann.

5.6 Innréttingar

Innréttingar leikskólans eiga að hafa einfalt yfirbragð en vera í góðum gæðaflokki. Gott aðgengi skal vera fyrir börnin til að sækja sér efnivið sem geymdur er í innréttingum. Þær skulu henta þroskastigi barna sem dveljast í leikskólanum og vera endingargóðar og af ýmsu stærðum og gerðum. Æskilegt að hluti þeirra sé á hjólum svo hægt sé að færa þær um svæðin og nýta sem best.

5.7 Litir

Litir innandyrna eiga almennt að vera ljósir og mynda þannig hlutlausan bakgrunn sem tekur ekki yfir verk barnanna. Þar að auki er hægt að mynda ákveðna upplifun í rýmum við hjálp lita, mynda rými í rýminu, hægt er að útbúa gæðakrók, dyrnar inn í hóprýmið geta haft ákveðinn lit, eða samhangandi upplifunarrými í gegnum skólann.

5.8 Dagsbirta og gluggar

Dagsbirta er afgerandi fyrir upplifun okkar af rýmum og byggingum, gluggar og ljósop á því að staðsetja þannig að upplifun af einkennum rýmanna verði sem mest. Náttúruleg ljósgæði eiga að vera vel ígrunduð og taka tillit til sólarhæðar allt árið um kring. Hönnun byggingar og staðsetning glugga skal vera þannig að hægt sé að nýta dagsljós sem allra mest og að stjórnun lýsingar gerist sem allra mest á viðkomandi stað (sé ekki miðstýrð með tímarofum eða birtuskynjurum). Gluggasetning leikskólans á að miðað við að hún sé í augnhæð barna sem frekast kostur er og að þau geti notað gluggasýllur í leik og hvíld. Þó svo að lögð sé áhersla á að útsýnið sé fangað með gluggahönnun þarf gluggasetning að vera þannig að hún valdi ekki óþarfa sólarálagi í rýmum þar sem börnin eru langdvölum. Huga þarf sérstaklega að myrkvun rýma þar sem leikskólabörn hvílast.

5.9 Lýsing, rafmagn og smáspenna

Samspil milli raflýsingar og náttúrulegrar birtu á að skapa aðlaðandi sjónrænt og vinalegt andrúmsloft þar sem fólki líður vel. Einnig er gerð krafa um góða útilýsingu. Ljósaskynjarar (hreyfi) eru ekki að virka fyrir leikskólabörnin, þ.e. skynjarar grípa þau ekki og því eru þeir óæskilegir, til dæmis á salernum. Umhirða og viðhald ljósa skal vera einfalt og mælt með því að ledlýsing verði notuð eins og kostur er.

Leggja þarf fram tillögur að lausnum hvað varðar tölvumál sem eru í takt við það sem best gerist í leikskólum og á nútíma vinnustöðum, en eru jafnframt hugsaðar sem hagkvæmastar. Gera á ráð fyrir að allar tölvur starfsmanna og barna séu tengdar þráðlausu neti. Gera þarf ráð fyrir tölvumiðstöð í skólanum, en það er geymsla fyrir „server“ skólans.

5.10 Hljóðvist

Hljóðvist skal vera skv. kafla 11 í BR og tilheyrandi stöðlum. Reynsla kennir að nauðsynlegt er að fara að ýtrustu kröfum í öllum rýmum skólans. Einnig er farið fram á sérstaklega hljóðdempuð rými í húsinu svo sem fjölnota salarkynnum og þar sem sérstaklega þarf að hafa ró. Tryggja verður að ekki verði of mikil eftirómun með því að bæta við nægjanlegum flötum með hljóðgleypanði efnum.

5.11 Orkunýting

Gerð er krafa um góða einangrun útveggja og þaks til að lækka rekstrarkostnað byggingarinnar. Einnig skal horft til hagstæðs rekstrarkostnaðar þegar kemur til þátta eins og lýsingar, loftræsingar, hitakerfis, snjóbræðslukerfis og fleiri þátta sem tengjast orkunýtingu byggingarinnar.

5.12 Loftgæði

Loftgæði skulu vera skv. kafla 10 og 14.9 í BR og tilheyrandi stöðlum. Loftgæðin skulu vera fullnægjandi með tilliti til lyktar, rakamyndunar og mengunar og skal við hönnun tekið tillit til leiðbeiningar Umhverfisstofnunar þar að lútandi. Vegna staðsetningar leikskólans er mikilvægt að loftræsing leikskólans sé vélræn þegar loftgæði utandryra eru með þeim hætti. Lokuð gluggalaus íverurými þar sem eingöngu eru vélræn

loftskipti eru óæskileg. Sérstakar ráðstafanir skal gera í hönnun til að koma í veg fyrir sveppamyndun vegna raka. Mikilvægt er að hönnuðir bendi á tillögur að auknum kröfum hvað varðar loftgæði, einkum á þeim stöðum í húsi þar sem búast má við að raki berist í hús. Sérstaklega skal gera grein fyrir lausnum um lofræstingu í rýmum barnanna, bæði sértækum og almennum.

5.13 Aðgangsstýring

Staðsetning, aðgengi og aðgangsstýring að rýmum (bæði utan frá og innan úr skólanum) og fjölskyldumiðstöð, þá sérstaklega fjölnota rýmum, skiptir máli svo að hún nýtist sem best fyrir leikskólann, fjölskyldumiðstöðina og grenndarsamfélagið allt.